

Rammi hf.
Samstæðuársreikningur
2022
evrur

Rammi hf.
Gránugötu 1-3
580 Siglufjörður
Kt. 681271-1559

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Eiginfjárfirlit	11
Skýringar	12
Óendurskoðað	
Ársfjórðungayfirlit	23
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	24
Stjórnarháttayfirlýsing	28

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er útgerðar - og fiskvinnslufyrirtæki sem gerir út fjögur fiskiskip frá Ólafsfirði, Siglufirði og Þorlákshöfn auk þess starfrækir félagið fiskvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuvinnslu á Siglufirði. Félagið á tvö dótturfélög, Primex hf. sem rekur kítósanverksmiðju á Siglufirði og Arctic Seafood Ltd. sem er sölufyrirtæki Ramma í Bretlandi.

Ársreikningur samstæðu Ramma hf. og dótturfélaga þess Arctic Seafood Ltd. og Primex ehf. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymisýfirliti, eiginfjáryfirliti og skýringum. Dótturfélagið Sigurbjörn ehf. var á árinu sameinað félaginu og var samrunadagur 1. janúar 2022, samruninn var endanlega staðfestur 8. ágúst 2022. Í lok desember 2022 undirritaði stjórn félagsins samkomulag við stjórn Ísfélags Vestmannaeyja hf. um samruna félaganna undir nafninu Ísfélagið hf., sjá nánar í skýringu 25.

Heildartekjur samstæðunnar á árinu 2022 námu EUR 83,6 milljónum samanborið við EUR 66,9 milljónum árið 2021. Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð EUR 16,0 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi (2021: EUR 13,2 milljónir). Heildareignir samstæðunnar námu EUR 167,5 milljónum í árslok 2022 (árslok 2021: EUR 162,9 milljónir). Eigið fé í árslok 2022 nam EUR 117,6 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi (árslok 2021: EUR 103,9 milljónir). Eiginfjárlutfall í árslok 2022 var 70,2% (árslok 2021: 63,8%). Rekstur samstæðunnar gekk almennt vel á árinu 2022, verð á afurðum var tiltölulega hátt og væntingar eru til þessa að verð á afurðum verði áfram hátt á árinu 2023 og afkoma ársins 2023 góð. Stríðið í Úkraínu hefur haft veruleg áhrif á olíverð hjá samstæðunni en ekki bein áhrif á sölu eða verð afurða.

Í aðalstjórn Ramma hf. eru fimm stjórnarmenn, þrír karlar og tvær konur og í varastjórn eru tveir karlar. Framkvæmdastjórn félagsins skipa þrír karlar. Í framkvæmdastjórn samstæðunnar eru 75% karlar og 25% konur. Starfsmenn samstæðunnar eru 76% karlar 24% konur.

Útistandandi hlutfé félagsins nam í árslok 2022 EUR 4,6 milljónir og skiptist það á 132 hluthafa, sem er fjölgun um einn á árinu. Félagið eignaðist 690 eigin hluti á árinu fyrir EUR 19 þúsund í samræmi við samþykkt aðalfundar og í árslok 2022 á félagið eigin hluti að nafnverði EUR 100.620.

Tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok 2022 eru:

Marteinn Haraldsson ehf.	38,89%
Gunnar Sigvaldason	16,75%
Svavar Berg Magnússon	14,26%
Sigurður Guðmundsson	9,19%
Egill Sigvaldason	4,81%
Jón Þorvaldsson	4,81%
Karlsberg ehf.	2,47%
Arion banki hf.	2,21%
Ólafur Marteinnsson	1,64%
Rúnar Marteinnsson	1,02%
Aðrir, 122 hluthafar	3,95%
	100,00%

Stjórn félagsins er ekki með tillögu um arðgreiðslu á aðalfundi ársins 2023 vegna rekstrarársins 2022, því fyrirhugað er að arðgreiðslutillaga verði lögð fram af stjórn sameinaðs félags Ramma hf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf. í framhaldi af staðfestingu fyrirhugaðs samruna. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Stjórnunarhættir

Stjórn Ramma hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur sett sér starfsreglur þar sem fylgt er *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, þar er valdsvið hennar skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hefur skipað endurskoðunarnefnd sem fundar reglulega með endurskoðendum félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ramma hf. hf. hafa í dag rætt um samstæðuarshlutareikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Siglufirði, 27. febrúar 2023.

Í stjórn:

Gunnar Sigvaldason
Gunnar Svavarsson
Katrín Pétursdóttir
Sigurgeir Svavarsson
Steinunn H. Marteinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Helgi Marteinson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ramma hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Ramma hf. („samstæðan“) fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2022 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð samstæðunni við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 25. apríl 1997 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfellt síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Mat og tilvist birgða

Birgðir (sjá skýringu 3i og 15) í ársreikningnum nema EUR 12,5 milljónum í lok árs 2022. Það samsvara um 7,4% af heildareignum og 10,6% af eigin fé.

Kostnaðarverð/framleiðslukostnaðarverð birgða er háð mati stjórnenda og byggir á útreikningum um framlegð og öðrum forsendum stjórnenda, sem og samanburði við dagverð. Því er þessi liður lykilþáttur í endurskoðun okkar.

Endurskoðun á mati og tilvist birgða fólst meðal annars í:

- Skoðun og úrtakstalningu á birgðum samstæðunnar um áramót.
- Yfirferð á samsetningu birgða
- Aðferðafræði og forsendur stjórnenda við mat afurðabirgða voru yfirfarnar.
- Söluverðmæti birgða fyrir og eftir áramót var yfirfarið með hliðsjón af mati afurðabirgða á reikningsskiladeg.
- Meðalframleiðsluverð birgða er meðal annars metið út frá framlegð deilda og því voru forsendur um framlegð og útreikningur framlegðar yfirfarnar.
- Fórum yfir viðeigandi skýringar í samstæðuársreikningi og staðfestum að upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veða þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Siglufirði, 27. febrúar 2023.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson
Sigurjón Örn Arnarson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur	4	83.550.719	66.902.767
Kostnaðarverð seldra vara	5	(58.420.101)	(45.845.286)
Framlegð		25.130.618	21.057.481
Seld þjónusta		13.595	11.208
Útflutningskostnaður		(1.307.027)	(1.129.474)
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	5	(3.310.109)	(2.677.876)
Rekstrarhagnaður		20.527.077	17.261.339
Hrein fjármagnsgjöld	7	(853.560)	(783.810)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		19.673.517	16.477.530
Tekjuskattur	8	(3.714.534)	(3.316.305)
Hagnaður ársins		<u>15.958.983</u>	<u>13.161.224</u>
 Aðrar upplýsingar			
EBITDA		23.302.048	20.213.746
Grunnhagnaðarhlutur og þynntur hagnaðarhlutur.....	18	3,50	2,89

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir	9,11	33.219.060	35.650.467
Skip í smíðum	10	4.135.053	4.016.800
Óefnislegar eignir	11,12	101.695.395	101.695.395
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	729.522	545.615
Langtímakröfur		444.600	322.449
Fastafjármunir		<u>140.223.629</u>	<u>142.230.726</u>
Birgðir	14	12.470.165	7.057.286
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	4.582.415	6.942.656
Fyrirframgreiddur kostnaður		22.433	99.606
Handbært fé	16	10.242.709	6.568.938
Veltufjármunir		<u>27.317.722</u>	<u>20.668.486</u>
Eignir samtals		<u>167.541.351</u>	<u>162.899.212</u>
Eigið fé			
Hlutfé		4.559.468	4.560.158
Lögbundinn varasjóður		1.165.022	1.165.022
Annað eigið fé		(1.440.059)	(1.117.597)
Bundinn hlutdeildarreikningur		1.463.440	2.820.537
Óráðstafað eigið fé		111.805.697	96.484.514
Eigið fé samtals	17	<u>117.553.568</u>	<u>103.912.635</u>
Skuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	20	11.626.177	10.990.531
Skuldir við lánastofnanir	19	7.706.667	32.131.372
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>19.332.844</u>	<u>43.121.903</u>
Skuldir við lánastofnanir	19	0	3.000.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	22.787.801	6.103.363
Tekjuskattur til greiðslu	20	2.999.174	2.509.559
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	4.867.965	4.251.752
Skammtímaskuldir samtals		<u>30.654.939</u>	<u>15.864.674</u>
Skuldir samtals		<u>49.987.783</u>	<u>58.986.577</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>167.541.351</u>	<u>162.899.212</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		15.958.983	13.161.224
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	2.774.971	2.952.406
Gengismunur langtímakrafna		(5.960)	(383.745)
Tekjuskattur		640.380	832.873
Aðrir liðir		(143.459)	(18.161)
		<u>19.224.915</u>	<u>16.544.598</u>
			Veltufé frá rekstri
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(2.146.283)	1.952.468
		<u>17.078.632</u>	<u>18.497.066</u>
			Handbært fé frá rekstri
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(565.817)	(4.276.788)
Innborgað söluverð rekstrarfjármuna		220.039	197.339
Söluverð eignarhluta í félögum		5.324	0
Fjárfesting í eignarhlut í félagi		(189.318)	(45.800)
Langtímakröfur, breyting		(116.191)	18.081
		<u>(645.964)</u>	<u>(4.107.168)</u>
			Fjárfestingarhreyfingar
Fjármögnunarhreyfingar:			
Keypt eigin bréf		(18.630)	(6.840)
Greiddur arður		(2.000.000)	(950.000)
Afborganir langtímalána		(7.740.268)	(6.113.287)
Skammtímalán, breyting		(3.000.000)	(6.500.000)
		<u>(12.758.898)</u>	<u>(13.570.127)</u>
			Fjármögnunarhreyfingar
Hækkun á handbæru fé		3.673.770	819.771
Handbært fé í ársbyrjun		6.568.938	5.749.167
Handbært fé í árslok.....		10.242.709	6.568.938

Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2021 til 31. desember 2022

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	4.560.500	1.165.022	(2.508.171)	1.638.656	85.461.669	90.317.676
Arður til hluthafa EUR 0,21 á hlut					(950.000)	(950.000)
Hagnaður ársins					13.161.224	13.161.224
Keypt eigin bréf	(342)				(6.498)	(6.840)
Fært á bundið eigið fé				1.181.881	(1.181.881)	0
Áhrif áhættuvarna			69.471			69.471
Þýðingarmunur			1.321.103			1.321.103
Eigið fé 31.12.2021	4.560.158	1.165.022	(1.117.597)	2.820.537	96.484.514	103.912.635
Eigið fé 1.1.2022	4.560.158	1.165.022	(1.117.597)	2.820.537	96.484.514	103.912.635
Arður til hluthafa EUR 0,44 á hlut					(2.000.000)	(2.000.000)
Hagnaður ársins					15.958.983	15.958.983
Keypt eigin bréf	(690)				(17.940)	(18.630)
Fært á bundið eigið fé				798.564	(798.564)	0
Áhrif samruna			(23.043)	(2.155.661)	2.178.704	0
Þýðingarmunur			(299.420)			(299.420)
Eigið fé 31.12.2022	4.559.468	1.165.022	(1.440.059)	1.463.440	111.805.697	117.553.568

Annað eigið fé sundurliðast þannig:

	Þýðingar- munur	Áhættu- varnir	Annað eigið fé samtals
Annað eigið fé 1.1.2021	(2.438.699)	(69.471)	(2.508.171)
Þýðingarmunur	1.321.103		1.321.103
Áhrif áhættuvarna		69.471	69.471
Annað eigið fé 31.12.2021	(1.117.597)	0	(1.117.597)
Annað eigið fé 1.1.2022	(1.117.597)	0	(1.117.597)
Áhrif samruna	(23.043)		(23.043)
Þýðingarmunur	(299.420)		(299.420)
Annað eigið fé 31.12.2022	(1.440.059)	0	(1.440.059)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Rammi hf. "félagið", er útgerðar - og fiskvinnslufyrirtæki með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Gránugötu 1-3 á Siglufirði. Ársreikningur Ramma hf. fyrir árið 2022 hefur að geyma samstæðureikning Ramma hf. og dótturfélaga þess Arctic Seafood Ltd. og Primex ehf. "Samstæðan". Dótturfélagið Sigurbjörn ehf. var sameinað félaginu á árinu og miðaðist samruninn við 1. janúar 2022, samruninn var endanlega staðfestur 8. ágúst 2022. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um reikningsskilastaðla

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskyldu að aðleiður eru færðar á gangvirði

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

d. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna síðan að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna vara.

3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í árschlutareikningi samstæðunnar.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum frá því að yfirráð hefjast þar til þeim lýkur.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara félaga.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en evru eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evru eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir erlendra starfsemi eru umreiknaðar í evrum miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendra starfsemi dótturfélaga eru umreiknuð í evrum á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í evru er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Vaxtaberandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti. Lán og fjármálagerningar í öðrum myntum en uppgjörsmýnt eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok árs. Næsta árs afborganir af vaxtaberandi lánum eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Í skýringu 3 (I) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(iii) Áhættuvarnarreikningsskil

Samstæðan hefur gert afleiðusamninga um kaup á olíu til að verja áætluð framtíðareldsneytiskaup fyrir sveiflum í eldsneytisverði. Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum við færslu samninga sem ætlað er að verja sjóðsflæði samstæðunnar vegna áætlaðra framtíðarinnkaupa og sem skilgreint hefur verið sem áhættuvarnarsamband. Hagnaður eða tap af afleiðusamningi, sem skilgreindur er sem áhættuvarnarsamningur, er færður til hækkunar eða lækkunar á eldsneytiskaupum eftir því sem við á við innlausn samnings. Óinnleystur hagnaður eða tap afleiðu sem er virk áhættuvörn er færður á eigið fé til samræmis við áhættuvarnarreikningsskil vegna sjóðsflæðisvarna að frádregnum skattáhrifum.

Ef áhættuvarnarafleiðan rennur út, er seld, sagt upp eða nýtt eða ef áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir beitingu áhættuvarnarreikningsskila, eða ef áhættuvarnarsambandið er afturkallað, þá er beitingu áhættuvarnarreikningsskila hætt frá þeim tímapunkti.

(iv) Hlutfé

Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum er eignfærður þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og ef hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Fasteignir	13-25 ár	10%
Fiskiskip	4-20 ár	0-10%
Vélar og tæki	4-13 ár	10%

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

e. Óefnislegar eignir

Aflaheimildir

Aflaheimildir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Aflaheimildir eru ekki afskrifaðar línulega, en árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf og byggir það á væntu markaðsverði keypra aflaheimilda. Mat á virði aflaheimilda er grundvallað á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald og væntingum stjórnenda um rekstur næstu ára.

f. Virðisrýrnun

Bókfært verð annara eigna samstæðunnar en peningalegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvefni og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Virðisrýrnun eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

g. Fjárfestingar

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Skuldabréf eru færð til eignar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af skuldabréfum eru færðir í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

h. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Virðisrýrnun vegna viðskiptakrafna er færð á árinu og er hún færð til gjalda í rekstrarreikningi. Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign eru færðar með viðskiptakröfum meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningskilaaðferðir, frh.:

i. Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

- Afurðir eru metnar til eignar við áætluðu meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Afurðabirgðir í dótturfélaginu Primex ehf. eru metnar á beinu framleiðslukostnaðarverði.

- Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði, en undirslegin veiðarfæri eru þó metin að hámarki á 20% af kaupverði.

j. Tekjur

Aflaverðmæti frystitogara og framleiðsla landvinnslu er tekjufærð á áætluðu skilaverði í bókhaldi félagsins. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt skilaverð. Tekjur í dótturfélaginu Primex ehf. eru bókaðar á beinu framleiðslukostnaðarverði við framleiðslu. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt söluverð.

Aðrar tekjur eru færðar þegar vara hefur verið afhent eða þjónusta innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að líklegt sé að vöru verði skilað.

k. Útgjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af kostnaði við útgerð og landvinnslu félagsins og framleiðslukostnaði í dótturfélaginu Primex ehf., þar með töldum launakostnaði og afskriftum fiskiskipa, húsnæðis og tækja.

(ii) Útflutningskostnaður

Útflutningskostnaður samanstendur af kostnaði við útflutning á seldum vörum samstæðunnar s.s. flutningskostnaði og váttryggingum.

(iii) Sameiginlegur rekstrarkostnaður

Sameiginlegur rekstrarkostnaður samkvæmt rekstrarreikningi samanstendur af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, launakostnaði, niðurfærslu skammtímakrafna og ýmsum öðrum kostnaði.

l. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum og gengismun af eignum í öðrum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lánum, gengismun af skuldum í öðrum gjaldmiðlum og öðrum fjármagnskostnaði.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna varanlegs mismunar sem myndast hefur við samruna félaga og skilgreindur hefur verið sem aflaheimildir þar sem slíkar eignir eru ekki frádráttarbærar samkvæmt skattalögum.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningskilaaðferðir, frh.:

m. Tekjuskattur, frh.:

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstigi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

n. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut sem og þynntur hagnaður á hlut. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja evru hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna eða annarra og samstæðan hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

o. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit samstæðunnar er byggt á rekstrarstarfspáttum. Rekstrartekjur starfspáttá taka til þátta sem heyra beint undir ákveðna starfspætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfspáttá á rökrænan hátt. Eignum og skuldum samstæðunnar er ekki skipt eftir starfspáttum. Í þeim tilvikum sem skip samstæðunnar afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært hjá útgerðarsviði við löndun afla. Tekjur Primex ehf. eru meðtaldar í vinnslu.

4. Starfspáttayfirlit

2022	Útgerð	Vinnsla	Jöfnunar- færslur	Samtals
Rekstrartekjur frá viðskiptavinum	54.739.570	28.811.150	0	83.550.719
Rekstrartekjur innan samstæðu	7.785.605	0	(7.785.605)	0
Rekstrartekjur samtals	62.525.175	28.811.150	(7.785.605)	83.550.719
2021				
Rekstrartekjur frá viðskiptavinum	44.812.582	22.090.185	0	66.902.767
Rekstrartekjur innan samstæðu	6.323.487	0	(6.323.487)	0
Rekstrartekjur samtals	51.136.070	22.090.185	(6.323.487)	66.902.767

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun	24.168.468	19.377.701
Mótframlag í lífeyrissjóð	2.521.845	2.027.607
Önnur launatengd gjöld	2.256.938	1.713.356
Laun og launatengd gjöld samtals:	28.947.251	23.118.664
Ársverk	163	160
Laun og launatengd gjöld greinast þannig á rekstrarliði:		
Kostnaðarverð seldra vara	26.793.382	21.314.696
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	2.153.869	1.803.969
Laun og launatengd gjöld samtals:	28.947.251	23.118.664

Laun framkvæmdastjóra Ramma hf. námu á árinu 205 þúsund evrum, laun til stjórnarformanns námu 40 þúsund evrum og laun til annara stjórnarmanna samtals 100 þúsund evrum og laun endurskoðunarnefndar samtals 7 þúsund evrum. Engin laun voru greidd vegna Arctic Seafood Ltd. Laun framkvæmdastjóra Primex ehf. námu á árinu 142 þúsund evrum, engin stjórnarlaun eru greidd í Primex ehf.

Skýringar, frh.:

6. Þóknarir til endurskoðenda	2022	2021
Þóknarir til endurskoðenda greinast þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	54.103	44.369
Könnun árshlutareikninga	4.553	5.142
Önnur þjónusta	29.297	24.062
	87.953	73.573
7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur	118.770	24.014
Gengismunur	155.915	110.597
Fjármunatekjur samtals	274.685	134.611
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld	(1.008.032)	(1.124.031)
Gengismunur	(117.482)	297.016
Áhrif eignarhluta í félögum	(2.731)	(91.405)
Fjármagnsgjöld samtals	(1.128.245)	(918.421)
Hrein fjármagnsgjöld	(853.560)	(783.810)
8. Tekjuskattur		
Félagið miðar skattskil sín við evru (EUR) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu 2022 var 18,88% (2021: 20,13%).		
Tekjuskattur í rekstri		
Tekjuskattur móðurfélags	(3.362.792)	(2.712.111)
Tekjuskattur dótturfélaga	(351.742)	(604.195)
	(3.714.534)	(3.316.305)
Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2022	2021
Hagnaður fyrir tekjuskatt	19.673.517	16.477.530
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,00% (3.934.703)	20,00% (3.295.506)
Áhrif eignarhluta	0,00% (546)	0,11% (18.281)
Áhrif mismunandi tekjuskattshlutfalls	(0,04%) 7.111	(0,03%) 5.677
Gengismunur	(1,02%) 201.509	0,13% (20.957)
Leiðrétting vegna fyrri ára	(0,00%) 44	(0,00%) 260
Aðrir liðir	(0,06%) 12.051	(0,08%) 12.502
Virkur tekjuskattur	18,88% (3.714.534)	20,13% (3.316.305)

Skýringar, frh.:

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fiskiskip	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2022	14.975.919	53.844.480	14.214.047	83.034.445
Viðbætur ársins	124.593	10.282	312.690	447.564
Selt á árinu	(2.232.038)	0	(309.962)	(2.542.000)
Áhrif gengisbreytinga	(50.837)	0	(62.079)	(112.917)
Heildarverð 31.12.2022	12.817.637	53.854.761	14.154.695	80.827.094
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskrifað alls 1.1.2022	13.526.090	22.338.335	11.519.554	47.383.979
Afskriftir ársins	88.426	2.267.544	419.001	2.774.971
Selt á árinu	(2.193.507)	0	(271.913)	(2.465.420)
Áhrif gengisbreytinga	(36.581)	0	(48.915)	(85.496)
Afskrifað og virðisrýrnun alls 31.12.2022	11.384.428	24.605.879	11.617.726	47.608.034
Bókfært verð				
1.1.2022	1.449.829	31.506.144	2.694.493	35.650.467
31.12.2022	1.433.209	29.248.882	2.536.969	33.219.060
Afskriftahlutföll	4-8%	6-20%	8-33%	
			2022	2021
Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:				
Kostnaðarverð seldra vara			2.720.603	2.888.705
Sameiginlegur rekstrarkostnaður			54.368	63.701
Afskriftir samtals			2.774.971	2.952.406

Fasteignamat mannvirkja samstæðunnar nam samtals EUR 8,2 milljónir í lok árs. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samstæðunnar EUR 28,7 milljónir og váttryggingarverð skipa EUR 64,5 milljónir.

10. Skip í smíðum

Samstæðan hefur undirritað samning um smíði á togara við skipasmíðastöð í Tyrklandi. Áætlað er að togarinn verði afhentur á árinu 2023. Greiðslur vegna samningsins eru eignfærðar. Tyrkneskur banki hefur veitt endurgreiðsluábyrgð á móti greiðslu til skipasmíðastöðvarinnar.

11. Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar

Á skipum samstæðunnar hvíla tryggingarbréf og veðsetningarbann til tryggingar skuldum að eftirstöðvum EUR 30,5 milljónir í lok árs.

Skýringar, frh.:

12. Óefnislegar eignir

Bókfærðar óefnislegar eignir eru aflaheimildir.

	Aflaheimildir
Óefnislegar eignir 1.1.2022	101.695.395
Óefnislegar eignir 31.12.2022	101.695.395
Bókfært verð	
1.1.2022	101.695.395
31.12.2022	101.695.395

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan líftíma og er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á þeim að minnsta kosti árlega.

Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun var bókfært verð aflaheimilda borið saman við vænt markaðsvirði í árslok 2022. Niðurstaða þessa samanburðar var að vænt markaðsvirði væri mun hærra en bókfært verð og því ekki ástæða til virðisrýrnunar. Verði gerðar breytingar á gildandi lögum um fiskveiðistjórnun eða lögum um veiðigjöld kann niðurstaða virðisrýrnunarprófs að verða önnur.

Aflaheimildir samstæðunnar innan lögsögu greinast þannig eftir tegundum:

	Úthlutaðar heimildir tonn	Óveidd tonn 31.12.2022
Þorskur	7.075	4.365
Ufsi	2.120	1.534
Ýsa	1.675	1.222
Grálúða	961	963
Gullkarfi	851	423
Rækja	634	659
Skarkoli	388	319
Langlúra	355	298
Djúpkarfi	194	216
Steinbítur	104	76
Langa	34	0
Gullfax	25	26
Þykkvalúra	23	24
Skötuselur	19	15
Sandkoli	17	2
Hlýri	6	(2)
Litli karfi	4	4
Keila	3	2
Blálanga	3	(1)
Samtals aflaheimildir í þorskígildum	13.710	9.816

Úthlutun aflaheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Samstæðunni hefur verið úthlutað fyrir árið 2023 aflaheimildum sem nema 15 tonnum af kolmunna og 679 tonnum af þorski í norskrri lögsögu. Ekki liggur fyrir úthlutun í rækju við Snæfellsnes og aflaheimildum í humri verður ekki úthlutað.

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu.

Samstæðan á 4 skráð einkaleyfi og 9 skráð vörumerki. Kostnaður við öflun og skráningu einkaleyfa og vörumerkja er gjaldfærður. Kostnaður vegna rannsókna og vörupróunar hefur verið gjaldfærður.

Skýringar, frh.:

13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Eignarhlutir í sex (sjö) félögum	729.522	545.615
Samtals eignarhlutir í félögum	729.522	545.615

14. Birgðir

Birgðir samstæðunnar greinast þannig:		
Afurðabirgðir	8.424.181	5.095.129
Hráefnis- og rekstrarvörubirgðir	4.045.983	1.962.157
Birgðir samtals	12.470.165	7.057.286

15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	4.012.135	6.531.501
Aðrar skammtímakröfur	570.280	411.155
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	4.582.415	6.942.656

16. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

17. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé Ramma hf. samkvæmt samþykktum þess nam EUR 4.660.088 í lok árs 2022. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar evru hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu.

Samstæðan á eigin bréf að nafnverði EUR 100.620 (2,16% af heildarhlutafé).

Lögbundinn varasjóður

Hlutafélögum er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósentum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota fjárhæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrir mæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gætt, til annarra þarfa.

Annað eigið fé

Til annars eigin fjár telst þýðingarmunur sem inniheldur gengisbreytingar vegna dótturfélaga og áhrif áhættuvarna á uppgjörstegi.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í hagnaði dótturfélaga sem er umfram móttækinn eða úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum á undirritunardegi.

Arður

Aðalfundur félagsins sem haldinn var 11. mars 2022 ákvað að greiða út arð að fjárhæð EUR 2 milljónir vegna rekstrarársins 2021 og var arðurinn greiddur hluthöfum 10. júní 2022.

Skýringar, frh.:

18. Hagnaðarhlutur

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna eða annarra og samstæðan hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals fjölda hluta:	2022	2021
Hreinn hagnaður.....	15.958.983	13.161.224
Fjöldi hluta í upphafi árs.....	4.560.158	4.560.500
Áhrif kaupa á eigin bréfum.....	(235)	(299)
Vegjð meðaltal fjölda hluta á árinu.....	4.559.923	4.560.201
Hagnaðarhlutur.....	3,50	2,89

19. Vaxtaberandi lán

Vaxtaberandi lán greinast þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Langtímalán		
Veðtryggð bankalán	7.706.667	32.131.372
	7.706.667	32.131.372
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun veðtryggðra lána	22.787.801	6.103.363
Skammtítabankalán	0	3.000.000
	22.787.801	9.103.363
Sundurliðun tryggðra lána samstæðunnar		
Tryggð lán í EUR	30.494.467	38.234.736
Langtímalán samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	30.494.467	38.234.736
Næsta árs afborgun	(22.787.801)	(6.103.363)
Samtals	7.706.667	32.131.372
Samningsbundnar afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:		
Afborgun 2022	-	6.103.363
Afborgun 2023	22.787.801	23.383.039
Afborgun 2024	7.706.667	8.301.905
Afborgun 2025	0	446.429
Samtals	30.494.467	38.234.736

Meðal næsta árs afborgana eru EUR 19 milljónir sem samið hefur verið um framlengingu á til 2026, endanleg skjalagerð liggur ekki fyrir um áramót.

Engin brot eru eða eru fyrirsjáanlega á fjárhagslegum skilyrðum í lánssamningum samstæðunnar í lok árs 2022. Fjárhagsleg skilyrði lánssamninga eru tilgreind í skýringu 23.

20. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	10.990.531	10.136.283
Gengismunur vegna dótturfélaga	(18.716)	39.788
Reiknaður tekjuskattur	3.714.534	3.316.305
Leiðrétting vegna fyrra árs	5.485	(9.654)
Aðrar breytingar	0	17.368
Greiddur tekjuskattur ársins	(66.483)	0
Tekjuskattur til greiðslu	(2.999.174)	(2.509.559)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	11.626.177	10.990.531

Skýringar, frh.:

20. Tekjuskattsskuldbinding, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:	31.12.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir	4.082.312	4.015.347
Óefnislegar eignir	7.371.901	7.371.901
Frestaður gengismunur	3.557	(509.734)
Aðrir liðir	168.407	113.017
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	11.626.177	10.990.531

21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	2.671.736	2.058.196
Ógreidd laun og launatengdur kostnaður	1.818.015	1.816.950
Annar ógreiddur kostnaður	378.213	376.606
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	4.867.965	4.251.752

22. Áhættustjórnun

Áhætta vegna viðskiptakrafna, vaxta og gjaldmiðla tengist reglubundinni starfsemi samstæðunnar. Félagið hefur metið helstu áhættur í rekstri með aðstoð fjármálafyrirtækis. Helstu áhættur voru metnar gengisþróun ISK, gengisþróun EUR gagnvart GBP og breytingar á olíuverði.

Áhætta vegna viðskiptakrafna

Stjórnendur fylgjast reglulega með innheimtu viðskiptakrafna. Mat á innheimtanleika er unnið reglulega og kröfur færðar niður ef talið er líklegt að þær muni ekki innheimtast. Í sögulegu ljósi hefur útlánatap verið óverulegt og flestir viðskiptavinir samstæðunnar hafa átt í viðskiptum við hana um árabíl. Í lok árs 2022 nemur óbein niðurfærsla viðskiptakrafna EUR 0,05 millj. (árslok 2021: EUR 0,05 millj.) og á árinu 2022 voru EUR 0 millj. endanlega afskrifaðar (2021: 0 millj.).

Gjaldmiðlaáhætta

Tekjur samstæðunnar eru að mestu í EUR, GBP, USD og JPY en meginhluti skulda samstæðunnar eru í EUR. Samstæðan leitast við að lágmarka áhættu af breytingum á gengi gjaldmiðla, sérstaklega gagnvart helstu áhættum eins og gengisþróun ISK og gengi EUR gagnvart GBP. Samstæðan hefur ekki gert afleiðusamninga á árinu 2022 vegna gjaldmiðlaáhættu.

Olíuverðsáhætta

Í lok árs 2022 eru engir afleiðusamningar í gildi.

Vaxtaáhætta

Allar vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru á fljótandi vöxtum, þar af er 88% með núll vaxtafót í árslok. Félagið hefur ekki varið sig gegn vaxtaáhættu með notkun afleiðusamninga.

23. Kennitölur

	31.12.2022	31.12.2021
Eiginfjárlutfall	70,2%	63,8%
Vaxtaberandi skuldir / EBITDA	1,31	2,04
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA	0,87	1,71
Lánaþekja móðurfélags	3,12	3,30
Skuldaþol móðurfélags (e. Debt Service Capacity)	2,32	2,74

24. Samruni við dótturfélag

Stjórnir Ramma hf. og Sigurbjörns ehf. samþykktu á stjórnarfundum í félögunum 19. maí 2022 samruna félaganna miðað við 1. janúar 2022. Rammi hf. er yfirtökufélagið og þar sem Sigurbjörn er dótturfélag, alfarið í eigu Ramma hf. þá er ekki þörf á breytingu á samþykktum Ramma hf. vegna samrunans. Samruninn var endanlega staðfestur 8. ágúst 2022.

25. Önnur mál.

Stjórnir Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Ramma hf. skrifuðu í desember 2022 undir samkomulag um samruna félaganna með fyrirvara um samþykki Sameppniseftirlitsins og hluthafafunda félaganna. Stefnt er að því að samrunaáætlun verði lögð fram í mars. Sameinað félag mun heita Ísfélagið hf.

Ársfjórðungayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

Frá október 2021 til desember 2022

	4. árs- fjórðungur 2022	3. árs- fjórðungur 2022	2. árs- fjórðungur 2022	1. árs- fjórðungur 2022	4. árs- fjórðungur 2021
Rekstrartekjur	20.307.532	21.169.094	23.591.397	18.482.697	16.696.989
Kostnaðarverð seldra vara	(15.869.013)	(15.191.824)	(15.440.333)	(11.918.932)	(12.120.311)
Framlegð	4.438.519	5.977.271	8.151.064	6.563.765	4.576.677
Aðrar rekstrartekjur	3.763	3.494	3.137	3.202	3.428
Útflutningskostnaður	(343.121)	(350.124)	(308.077)	(305.706)	(294.804)
Sameiginlegur rekstrar- kostnaður	(924.312)	(737.741)	(861.044)	(787.012)	(716.506)
Rekstrarhagnaður	3.174.849	4.892.900	6.985.080	5.474.248	3.568.795
Hrein fjármagnsgjöld	(99.244)	38.084	(660.112)	(132.289)	(120.592)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.075.605	4.930.984	6.324.969	5.341.959	3.448.203
Tekjuskattur	(399.131)	(914.587)	(1.318.715)	(1.082.102)	(703.780)
Hagnaður.....	2.676.474	4.016.397	5.006.254	4.259.858	2.744.423
EBITDA	3.869.335	5.585.435	7.677.272	6.170.006	4.392.955

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað

Viðskiptalíkan

Rammi hf. er íslenskur lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul., 2. gr., laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem gerir út fjögur fiskiskip frá Ólafsfirði, Siglufirði og Þorlákshöfn auk þess starfrækir félagið fiskvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuvinnslu á Siglufirði. Rammi hf. er eigandi sjávarlíftækni félagsins Primex hf. sem rekur kítósanverksmiðju á Siglufirði og Arctic Seafood Ltd. sem er söluvyrirtæki Ramma í Bretlandi.

Viðskiptalíkan félagsins snýst um sjálfbærar fiskveiðar, vinnslu fiskafurða og sölu, að megninu til á erlenda markaði. Bretland er okkar stærsti markaður, önnur Evrópuríki fylgja svo í kjölfarið. Tekjur frá Bandaríkjunum hafa verið að aukast en tekjur af Asíumarkaði eru minni en á hinum landsvæðunum. Auk þess er hluti af afla skipa félagsins seldur á fiskmörkuðum innanlanda.

Heilt yfir er eftirspurn eftir sjávarafurðum að aukast á heimsvísu og þá sérstaklega sjávarafurðum sem veiddar eru með ábyrgum eða sjálfbærum hætti t.d. úr MSC vottuðum fiskistofnum. Þá er meiri áhersla lögð á rekjanleika afurðanna.

Rammi og dótturfélög fylgjast vel með þróun á mörkuðum og að aðlaga viðskiptalíkon sín að breyttum aðstæðum, eins og breyttri neytendahegðun hvað varðar sjálfbærar sjávarafurðir.

Rammi vill starfa í sátt við umhverfið og samfélagið. Það er markmið Ramma að hámarka efnahagslegan ávinning af nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda, sem félaginu hefur verið treyst fyrir, fyrirtækinu og samfélaginu til heilla og styðja við nýsköpun og þróun tengdri greininni. Rammi hefur það að leiðarljósi að nýting fiskistofna sé sjálfbær til framtíðar fyrir komandi kynslóðir, gæði afurða og ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi. Rammi er aðili að Iceland Responsible Fisheries sem stendur fyrir upprunamerkingu íslenskra sjávarafurða og vottun á ábyrgum fiskveiðum.

Stefnur

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) ásamt flestum sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Sú stefna er notuð til að marka upphaf í UFS málum (umhverfis og félagslegir þættir og stjórnahættir) innan félagsins. Þá hefur Rammi sett starfskjarastefnu og stefnu gegn mútum og spillingu, öryggisstefnu ásamt gæðastefnu, jafnlaunastefnu sem og jafnréttisáætlun. Umhverfisstefna er í vinnslu, þegar hún verður samþykkt, verður hún kynnt starfsfólki. Verið er að gefa út fyrstu samfélagsskýrslu félagsins. Á komandi ári verða því umhverfisleg- og félagsleg markmið sett ásamt markmiðum hvað varðar stjórnarhætti félagsins.

Nánari upplýsingar um Ramma og Primex má finna á heimasíðu félaganna, www.rammi.is og www.primex.is

Áreiðanleikakönnunarferli

Hjá félaginu er unnið eftir ýmsu ferlum og kerfum til að tryggja gæði afurða og upplýsinga.

Félagið er með jafnlaunavottun sem ætlað er að tryggja réttar upplýsingar varðandi launamun kynjanna. Öryggisstefna hefur verið kynnt starfsfólki. Verið er að leggja lokahönd á öryggishandbók um borð í Sólbergi. Jafnframt er verið að taka upp atvikaskráningarkerfið ATVIK sjómenn en með tilkomu þess verður betur haldið utan um ábendingar varðandi næstum slys og slys og úrbætur sem þeim fylgja. Gæðakerfi félagsins snýr að virðisdeðjunni, meðhöndlun afla, innkaupum á hráefni, móttöku, framleiðslu, pökkun, merkingu og afhendingu. Gæðakerfi er tekið reglulega út, bæði innan félagsins og af utanaðkomandi aðilum. Þó svo að mesta áherslan sé á matvælaöryggi snúa margir þættir úttektanna undir sjálfbærni, umhverfis- og loftlagsmál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Áreiðanleikakönnunarferli, frh.:

Allar framleiðslustöðvar Ramma og Primex vinna skv. almennum hollustupáttum með áherslu á HACCP. Matvælastofnun (MAST) vottar það ferli nokkrum sinnum á ári. Þar að auki vinnur félagið eftir eftirtöldum stöðlum og vottunum:

- Rækjuvinnsla: BRC gæðakerfi vottað af 3ja aðila (BRCGS Food Safety Global Standards), MSC vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard). Framleiðsluferlið stenst kröfur eftirfarandi smásala Tesco, Marks & Spencer og Morrisons.
- Fiskvinnsla: BRC gæðakerfi vottað af 3ja aðila (BRCGS Food Safety Global Standards), MSC vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard), IRF vottaðar fiskveiðar (Icelandic Responsible Fisheries).
- Sólberg ÓF1: IRF vottaðar fiskveiðar (Icelandic Responsible Fisheries). Á tímabilinu var ákveðið að vottun FEMAS (Feed Materials Assurance Scheme) yrði ekki endurnýjuð þó unnið sé enn skv. staðlinum.
- Primex: ISO 22000 – vottað stjórnunarkerfi fyrir matvælaöryggi. TÚN – vottuð náttúrleg framleiðsla, MSC - vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard), HALAL – fæðuvottun sem fylgir íslömskum lögum, ISO13485 – vottað stjórnunarkerfi fyrir lækningatæki, CE – Evrópuskráning og vottun lækningatækja.

Umhverfismál

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu SFS. Ætlunin með stefnunni er að fanga megináhættur í íslenskum sjávarútvegi ásamt stýringu þeirra. Eftirfarandi áhersluatriði koma fram í stefnunni:

- Að tryggja gott ástand fiskistofna og að upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar, rekjanlegar og gagnsæjar. Félagið er meðvitað um að losun gróðurhúsalofttegunda eykur súrnun sjávar sem hefur skaðleg áhrif á lífríki hafsins og fiskistofna.
- Auka nýsköpun og fjárfestingu sem er ein forsenda árangurs í umhverfismálum.
- Að innleiða hringrásarhugsun í starfsemi, þ.e. að auka nýtni afurða og minnka ágang á náttúruauðlindir, sjá til þess að úrgangur sé endurnýttur og tryggja rekjanleika afurða.
- Að mæla og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ásamt því að jafna og binda losun gróðurhúsalofttegunda.
- Að leita leiða til að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti og stuðla þannig að orkuskiptum með betri orkunýtni tækja og skipa.

Eftirfarandi eru lykilmælikvarðar Ramma er snúa að umhverfis- og loftlagsmálum og félagið hóf mælingu á þeim á árinu 2022:

- Útblástur kolefnisspors frá eigin framleiðslu (umfang 1)
- Fjárfesting í aðlögun að loftslagsbreytingum
- Endurnýtingarhlutfall úrgangs og veiðarfæra
- Hlutfall rekjanlegra afurða

Primex, dótturfélag Ramma, hefur skilað inn grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar síðastliðinn ár í samræmi við starfsleyfi sitt.

Rammi og dótturfélög hafa markvisst leitað leiða til umbóta í umhverfismálum, nýtingu afurða og þannig lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar. Dótturfélagið Primex ehf. var stofnað til að vinna vörur úr rækjuskel sem áður var hent í sjóinn með verulegum umhverfisáhrifum. Primex ehf. kaupir jafnframt rækjuskel af öðrum rækjuvinnslum. Með tilkomu mjöl- og lýsisverksmiðju um borð í Sólbergi ÓF1 er nú framleidd afurð úr því sem áður var hent. Allur afli Sólbergs ÓF1 er nýttur að undanskildu roði og innfyli úr ýsu. Rammi og dótturfélög fylgja öllum lagakröfum á sviði umhverfismála í starfsemi samstæðunnar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Félagslegir þættir

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu SFS. Ætlunin með stefnunni er að fanga megináhættur í íslenskum sjávarútvegi ásamt stýringu þeirra. Eftirfarandi áhersluatriði koma fram í stefnunni:

- Áhersla á ábyrgð gagnvart starfsfólki. Virðing er höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum og jöfn laun og tækifæri tryggð. Hverskyns mismunur er ekki liðin. Starfsfólk er stutt til að auka þekkingu sína og færni. Reynt er í hvívetna að tryggja að vinnustaðir séu öruggir og góðir með því að draga úr hættu við vinnu og í starfsumhverfi. Öryggisfræðsla er markviss.
- Skuldbinding til að fara að gildandi lögum og reglum um mannréttindi sem lúta meðal annars að nauðungar- og þrælunarvinnu, barnavinnu og misrétti á vinnustöðum.
- Stuðningur við menntun og tengsl sjávarútvegsins við menntakerfið eflid ásamt því að kynna spennandi atvinnumöguleika í sjávarútvegi.

Eftirfarandi eru lykilmælikvarðar Ramma er snúa að félagslegum þáttum félagið hóf að mæla árangur þeirra með skipulegum hætti á árinu 2022:

- Launamunur kynja
- Starfsmannavelta
- Kynjafjölbreytni
- Aðgerðir gegn mismunur
- Vinnuslysatiðni
- Mannréttindi

Launagreining var gerð á árinu 2022 og mældist launamunur kynjanna í heild óverulegur. Starfsmannavelta er almennt lág hjá félaginu og kynjahlutföll hjá heildar fjölda starfsfólks með nokkuð óbreyttum hætti. Til margra ára hefur verið gerð starfsánægjukönnun hjá rækjuvinnslunni, sett eru markmið og úrbætur framkvæmdar ef þörf krefur. Á árinu 2022 var ánægjukönnun starfsmanna fiskvinnslu í Þorlákshöfn lögð fyrir. Á árinu 2023 stendur til að framkvæma starfsánægjukönnun á fleiri stöðum innan Ramma.

Stjórnarhættir

Rammi hefur undirritað samfélagsstefnu SFS. Ætlunin með stefnunni er að fanga megináhættur í íslenskum sjávarútvegi ásamt stýringu þeirra. Eftirfarandi áhersluatriði koma fram í stefnunni:

- Unnið gegn spillingu í hvaða formi sem er ásamt því að stunda heiðarleg viðskipti og gæta að orðsþori íslensks sjávarútvegs. Starfsfólk er hvatt til að tilkynna brot í starfsemi til stjórnenda fyrirtækisins.
- Stuðlað er að gagnsæjum starfsháttum og góðum samskiptum á vinnustað og utan hans.
- Kröfur eru gerðar til birgja að þeir starfi eftir lögum og reglum.
- Skuldbinding um að birta ófjárhagslegar upplýsingar, þ.e. UFS uppgjör (umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir).
- Birta skattspor, upplýsingar um hvar skattar eru greiddir og viðskipti við tengda aðila.
- Samskipti við nærsamfélagið, lögum samkvæmt.
- Yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir UFS áhættur, með reglulegri umfjöllun á stjórnar- og framkvæmdastjórnarfundum.

Auk þess er það stefna félagsins að eiga í góðum samskiptum við hagaðila og tryggja gagna- og upplýsingaöryggi.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Stjórnarhættir, frh.

Eftirfarandi eru lykilmælikvarðar Ramma er snúa að stjórnarháttum og hóf félagsið að mæla árangur þeirra með skipulegum hætti á árinu 2022:

- Kynjahlutfall í stjórn
- Birting samfélagsskýrslu
- Gögn tekin út eða sannreynd af ytri aðila
- Fjárfesting í nýsköpun
- Skattspor félagsins

Stjórn Ramma hefur sett félaginu stefnu gegn mútum og spillingu. Sett hefur verið upp síða fyrir nafnlausar tilkynningar starfsmanna til stjórnenda.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn Ramma hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur sett sér starfsreglur þar sem fylgt er *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, þar er valdsvið hennar skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Leiðbeiningarnar eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Um reksturinn gildir ítarlegt regluverk og opinbert eftirlit. Fiskistofa sér um eftirfylgni með framkvæmd þeirra laga og reglna sem settar eru í samvinnu við aðrar helstu stofnanir í stjórnkerfi sjávarútvegs á Íslandi. Helstu lög sem gilda um starfsemina eru lög um stjórn fiskveiða nr. 38/19990, lög um hlutafélög og ársreikninga.

Rammi á dótturfélögin Arctic Seafood Ltd. og Primex ehf. og eru stjórnir þeirra ábyrgar fyrir rekstri dótturfélaganna.

Frávík frá Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja

Frávík frá Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eru að stjórn hefur ekki formlega framkvæmt árangursmat, félagið hefur ekki innleitt stefnu um fjölbreytileika æðstu stjórnenda og það er ekki til staðar tilnefningarnefnd.

Stjórn

Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Stjórn skipa fimm stjórnarmenn og er hún samsett af þremur karlmönnum og tveimur konum og eru því kynjahlutföll í samræmi við lög. Varamenn eru báðir karlmenn.

Stjórnin hefur lagt mat á hvort sitjandi stjórnarmenn séu á hverjum tíma óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Starfsreglur stjórnar má finna á heimasíðu félagsins, sjá:

<https://www.rammi.is/wp-content/uploads/2022/05/Starfsreglur-stjornar.pdf>

Gunnar Sigvaldason stjórnarformaður er fæddur 1938. Hann er með Verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Hann var framkvæmdastjóri Valbergs ehf. frá árinu 1961 til 2000 og framkvæmdastjóri Sæbergs hf. frá 1974 til 1997. Gunnar hefur verið stjórnarformaður Ramma hf. frá árinu 2009 og var framkvæmdastjóri félagsins frá 1997 til 2009. Hann situr í stjórn Sölu fiskmiðlunar hf., Atlas hf. og í dótturfélögu Ramma hf., Primex ehf. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur hans í Ramma hf. nemur 16,75% og er því háður félaginu.

Gunnar Svavarsson, varaformaður stjórnar, er fæddur 1951. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem ráðgjafi hjá Kontakt ehf. frá árinu 2008. Gunnar var framkvæmdastjóri hjá Icebank hf. á árunum 2006 til 2007, forstjóri Icelandic Group hf. á árunum 1999 til 2005. Hann var fjármála- og forstjóri Hampiðjunnar hf. á tímabilinu 1974 til 1999. Gunnar var í stjórn Ramma hf. á árunum 1994 til 1999 og síðan frá 2006 til dagsins í dag. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Hann á enga hluti í félaginu og er óháður stjórnarmaður.

Katrín Pétursdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1962. Hún er iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands. Hún er framkvæmdarstjóri Lýsis hf. áður Fiskafurða umboðssölu ehf. og Hnotskurn ehf. Katrín hefur setið í stjórn Ramma hf. frá árinu 2017. Katrín situr í stjórnnum Ísals hf. og Akraborgar ehf. Katrín hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Lýsi hf. á óverulegan hlut í Ramma hf. eða 0,01% og er Lýsi hf. einnig í óverulegum viðskiptum við Ramma hf. Katrín er því óháður stjórnarmaður.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Stjórn, frh.:

Sigurgeir Svavarsson, stjórnarmaður, er fæddur 1967. Hann er húsasmíðameistari að mennt. Hann er framkvæmdarstjóri Sigurgeirs Svavarssonar ehf. frá árinu 2003. Sigurgeir hefur setið í stjórn Ramma hf. síðan 2018. Hann situr í stjórnnum Sigurgeirs Svavarssonar ehf., Bríkargils ehf., Hótel Ísafjarðar hf. og Ísbjargar ehf. Sigurgeir hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Sigurgeir á engan hlut en er tengdur hluthafa í Ramma hf. þar sem faðir hans á 14,26% hlut í Ramma hf. og Sigurgeir talinn óháður félagsinu.

Steinunn H. Marteinsdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1966. Hún er hárgreiðslumeistari að mennt og með Diplomanám í ferðamálafræði. Steinunn starfar nú hjá Premium ehf. lífeyrisþjónustu eða frá árinu 2012. Hún vann við hárgreiðslustörf frá árunum 1990 til 2002 þar sem hún átti og rak um tíma hárgreiðslustofu. Á árunum 2004 – 2012 vann hún hjá Sparisjóðnum Af/Arion banka. Steinunn situr í stjórn Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar og hefur verið eigandi Kjólakistunnar ehf. frá 2014. Steinunn hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Steinunn á engan hlut en er tengd hluthöfum í Ramma þar sem náin fjölskylda hennar á 42,5% hlut í Ramma og telst háð félaginu.

Jón Þorvaldsson, varamaður í stjórn, er fæddur 1937. Hann er með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Jón starfaði sem bókari hjá Flugfélagi Íslands á árunum 1959 til 1961, hjá Valberg hf. á árunum 1961 til 2000 og Sæbergi hf. frá 1974 til 2000. Hann var framkvæmdastjóri Valumboðs ehf. frá árinu 2000 til 2005. Jón var í stjórn Ramma hf. á árunum 1997 til 1999 og frá 2000 til 2009. Hann var varamaður í stjórn Ramma hf. frá 1999 til 2000 og frá 2009. Jón er stjórnarformaður í bókaútgáfunni Tindur ehf. Jón hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur í Ramma hf. nemur 4,81% og er háður félaginu.

Steingrímur Arnar Finnsson, varamaður í stjórn, er fæddur 1980. Hann er með B.Sc gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands frá árinu 2004. Steingrímur er í dag framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Fossa fjárfestingarbanka hf. Hann var forstöðumaður markaðsviðskipta Straums fjárfestingarbanka hf. á árunum 2011 til 2015 og frá árinu 2015 einn stofnenda Fossa fjárfestingarbanka hf. Steingrímur hefur verið varamaður í stjórn Ramma hf. frá 2006. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Hann er tengdur (barnabarn) Gunnari Sigvaldssyni stjórnarformanni og hluthafa. Steingrímur Arnar telst óháður félaginu.

Starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar.

Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Í starfsreglum stjórnar eru helstu verkefni og valdsvið stjórnar, formanns stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreind. Fylgt er *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins, hefur eftirlit með að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti.

Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að rekstur þess og starfsemi sé í samræmi við lög, samþykktir og stefnu félagsins. Stjórn ber að setja markmið varðandi áhættur í starfsemi, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum.

Á árinu 2022 voru haldnir níu stjórnarfundir. Leitast er við að boða stjórnarfundir þegar að allir stjórnarmenn geta tekið þátt auk þess eru varamenn einnig boðaðir. Allir stjórnarfundir voru ákvörðunar bærir.

Framkvæmdastjórn skipa framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og rekstrarstjóri í Þorlákshöfn. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri Ramma hf.

Endurskoðunarnefnd var skipuð aðalfundi félagsins og er skipuð þremur stjórnarmönnum og einum úr varastjórn, Gunnar Svavarsson er formaður nefndarinnar og aðrir nefndarmenn eru Steinunn H. Marteinsdóttir og Steingrímur Arnar Finnsson. Eitt af hlutverkum hennar að hafa eftirlit með virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Settar hafa verið starfsreglur og hefur endurskoðunarnefnd gefið stjórn skýrslu um störf sín eins og lög gera ráð fyrir. Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru ekki birtar á heimasíðu félagsins. Endurskoðunarnefnd fundaði þrisvar sinnum á árinu 2022.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Innri eftirlit og áhættustýring

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið félagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Framkvæmdastjóra ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðasvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan félagsins. Framkvæmdastjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það sé skilvirkt. Hluti af innra eftirliti er upplýsingagjöf og er það eitt af hlutverkum framkvæmdastjóra að gefa reglulega skýrslu um störf og hagi félagsins.

Framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja.

Framkvæmdastjóri

Ólafur Helgi Marteinsson er fæddur 30. apríl 1959 og hefur stýrt félaginu frá 1991. Ólafur hefur skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og er Útgerðartæknir frá Tækniskóla Íslands. Ólafur situr í stjórn eftirtalinnna félaga: Fyrirbarð ehf, Hafnarhyrna ehf, Primex Medical Investments ehf, Primex ehf, Karlsberg ehf, og Arctic Seafood Ltd, auk þess er Ólafur formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og situr í stjórn Samtaka atvinnulífsins. Ólafur á beint 1,6% hlut í félaginu og 26,11% hlut í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 38,89% í félaginu. Aðilar tengdir Ólafi eiga 2,1% í félaginu. Ólafur telst háður stórum hluthöfum félagsins. Ekki eru til kaupréttarsamningar við Ólaf. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Samskipti við hluthafa eiga sér stað á hluthafafundum. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. júní ár hvert og er til hans og annara hluthafafunda boðað með auglýsingu í fjölmiðlum.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum

Viðeigandi eftirlits- eða útskurðaraðilar hafa ekki tilkynnt félaginu um brot á lögum eða reglum á árinu 2022.